

Breytingartillögur Lýðs Árnasonar

LÝDRÆÐISLEG ÞÁTTTAKA ALMENNINGS


14. ráðsfundur

1. gr. Málskot til þjóðarinnar

Í áfangaskjali nú	Breytingartillaga C- nefndar á 14. ráðsfundi	Breytingartillaga Lýðs Árnasonar
<p>Alþingi skal bera undir þjóðaratkvæði lög ef tíu af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna.</p> <p>Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt laganna.</p> <p>Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.</p> <p>Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.</p>	<p>Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið innan þriggja daga að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar.</p> <p>Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að slíkt erindi kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður.</p> <p>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt frumvarpsins. Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.</p> <p>Lög sem Alþingi hefur samþykkt skal bera undir þjóðaratkvæði til samþykkis eða synjunar ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Lögin falla úr gildi, ef samþykkt er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó með meirihluta atkvæða ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.</p>	<p>Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið innan þriggja daga að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar.</p> <p>Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að slíkt erindi kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður.</p> <p>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt frumvarpsins. Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.</p> <p>Lög sem Alþingi hefur samþykkt skal bera undir þjóðaratkvæði til samþykkis eða synjunar ef TÍU af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Lögin falla úr gildi, ef samþykkt er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó með meirihluta atkvæða ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.</p>

2. gr. Þjóðaratkvæði og þjóðarfrumkvæði

Í áfangaskjali nú	Breytingartillaga C- nefndar á 14. ráðsfundi	Breytingartillaga Lýðs Árnasonar
<p>Alþingi er heimilt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu, bindandi eða ráðgefandi, um tiltekin mál.</p>	<p>2. gr. Þingmál að frumkvæði kjósenda</p> <p>Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.</p> <p>Fimmtán af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir</p>	<p>2. gr. Þingmál að frumkvæði kjósenda</p> <p>Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.</p> <p><u>Sé mál talið þingtækt geta TÍU af hundraði</u> kjósenda geta lagt</p>



<p>Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin málefni sem varða almannahag ef tíu af hundraði kjósenda krefjast þess.</p> <p>Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. mgr. og 4. mgr. 1. gr.</p>	<p>Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnstillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi eða ráðgefandi.</p> <p>Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.</p>	<p>frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnstillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi eða ráðgefandi.</p> <p>Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.</p>
---	---	---

3. gr. Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu

Í áfangaskjali nú	Breytingartillaga C- nefndar á 14. ráðsfundi	Breytingartillaga Lýðs Árnasonar
	<p>Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almannahag. Hvorki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt.</p> <p>Heimilt er að vísa frá málum sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði eða eru ekki þingtæk að öðru leyti.</p> <p>Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.</p>	<p>Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almannahag. <u>Ekki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt.</u></p> <p>Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.</p>